

eitthvað gengur að þeim, sem þeir þurfa því heldur við, þar þeir eru svo langt frá heimili sínu.

1859.  
14. júlí.

Af þessum rökum mun hin danska stjórn, sem annars er vön að vera væg í trúarefnum, ekki neita klerki þessum um að taka bólfestu á Íslandi, til þess að veita löndum sínum þá aðhjúkrun og hjálp í trúarefnum, sem hann til ætlast, ef nægileg trygging fæst fyrir því, að leyfi þetta verði ekki misbrúkað á nokkurn hátt, og sízt til að telja Íslendinga á katólska trú.

Það er því heldur ráðlegt að fara þannig að, því ef öðruvísi væri að farið, gæti vel farið svo, að frakkneska stjórnin gengi í málið, sem bezt er að komast hjá.

### 30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi og amtmannsins í Vesturumdæminu, um sildarveiðar Norðmanna við Ísland m. fl.

14. júlí.

Amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hefur gjört fyrirspurn hjá stjórninni um, hvort og að hvað miklu leyti Norðmenn, sem kynnu að reyna sildarveiðar í fjörðum og víkum á Íslandi, þurfa að greiða hið lögboðna tveggja ríkisdala lestagjald. Dómsmálastjórnin hefur í þessu tilliti, eptir að hafa bent til þess, sem mælt er fyrir um heimild erlendra til að fiska við Ísland í bréfum hennar 18. apríl og 9. maí þ. á., í dag úrskurðað, að erlendir ekki megi verka fisk þann, sem þeir veiða, á Íslandi, og hvenær sem nokkuð er affermt eða fermt, skulu þeir skyldir að greiða það tveggja dala lestagjald, er lögin 15. apríl 1854 bjóða.

Þetta gjörum vör yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), kunnugt, svo að þér getið hagað yður þar eptir.